

# Sjálfsmatsskýrsla Dalvíkurskóla 2014 - 2015



## Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	2
<b>2 Starfsemi og áherslur skólans</b> .....	3
<b>2.1 Nemendur</b> .....	3
<b>2.2 Starfsfólk Dalvíkurskóla</b> .....	3
<b>2.3 Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2014 – 2015</b> .....	3
<b>3 Innra mat skólans skólaárið 2014 – 2015</b> .....	4
<b>3.1 Sjálfsmatsáætlun 2014 – 2015</b> .....	4
<b>4 Nám, kennsla og mat</b> .....	4
<b>4.1 Greiningargögn</b> .....	4
<b>4.2 Ytra mat mennta – og menningarmálaráðuneytis</b> .....	5
<b>4.3 Ígrundun og greining á niðurstöðum</b> .....	5
<b>4.3 Leiðir til úrbóta</b> .....	6
<b>5 Stjórnun</b> .....	8
<b>5.1 Greiningargögn</b> .....	8
<b>5.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum</b> .....	8
<b>5.3 Leiðir til úrbóta</b> .....	10
<b>6 Starfsfólk og aðbúnaður</b> .....	10
<b>6.1 Greiningargögn</b> .....	10
<b>6.2 Ígrundun og greining</b> .....	11
<b>6.3 Leiðir til úrbóta</b> .....	11
<b>7 Foreldrasamstarf</b> .....	12
<b>7.1 Greiningargögn</b> .....	12
<b>7.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum</b> .....	12
<b>7.3 Leiðir til úrbóta</b> .....	12
<b>8 Raddir nemenda</b> .....	13
<b>8.1 Greiningargögn</b> .....	13
<b>8.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum</b> .....	13
<b>8.3 Leiðir til úrbóta</b> .....	13
<b>9 Áætlun um mat á skólastarfi 2015 – 2016</b> .....	14
<b>9.1 Sjálfsmatsáætlun</b> .....	14
<b>10 Samantekt og mat á niðurstöðum</b> .....	14
<b>11 Lokaorð</b> .....	15

## 1 Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskýldu um skólahald segir: Hver grunnskóli skal með með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Sjálfsmatsáætlun skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um innra mat skólans. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Í skólanámskrá Dalvíkurskóla má finna upplýsingar um skólastarfið og nánari útfærslu á kennslutilhögun í bekkjarnámskrám.

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi skólárið 2014 – 2015 hefur verið í höndum skólastjóra og deildarstjóra. Guðný Jóna Þorsteinsdóttir, deildarstjóri eldra stigs, hefur séð um Skólapúlsinn og haldið utan um þau greiningargögn. Foreldra – og starfsmannakannanir hafa verið gerðar í samráði við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Einneltisteymi Dalvíkurskóla hefur séð um fyrirlögn á Olweusarkönnun sem er lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Það var haldinn matsfundur í febrúar þar sem allt starfsfólk skólans kom saman og fjallaði um jákvæðar og neikvæðar hliðar vinnustaðarins. Stjórnendur sáu um úrvinnslu af fundinum. Þar kom fram að það væri búið að vera mikið álag í vetur og mönnun minni en hefur verið. Fleiri erfið agamál hafa verið meira áberandi nú í vetur en áður. Kennarar kalla eftir að tekið verði upp námsver aftur þar sem nemendur fara út úr kennslustundum í litla hópa í námsver.

Námsnefnd var starfandi skólaárið 2014 - 2015, hún samanstendur á þessu skólaári af skólastjóra, tveim fulltrúum kennara og sjö fulltrúum nemenda af unglingastigi. Í vetur var tekið fyrir nám og kennsla. Það kom fram að þeim finnst best að vinna í lotubundnu námi þannig að þau viti nákvæmlega hvað er ætlast til af þeim. Voru ánægð með þær breytingar sem voru gerðar á stundarskrá og sérstaklega að fá vinnustundir sem voru settar á stundarskrá.



## 2 Starfsemi og áherslur skólans

### 2.1 Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólustefnu Dalvíkurbyggðar sem nú hefur verið gefin út. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: Þekking og færni - virðing og velliðan.

### 2.2 Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 51 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Gísli Bjarnason og deildarstjórar eru Guðný Jóna Þorsteinsdóttir eldra stigs og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir yngra stigs. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Tveir verkefnastjórar eru í sér- og stuðningskennslu við skólann og eru það Gunnhildur Birnisdóttir hjá yngra stigi og Dóróþea Reimarsdóttir hjá eldra stigi. Kennarar við skólann eru 32 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 25 í mismiklu starfshlutfalli.

### 2.3 Áherslur skólans og helstu verkefni skólaárið 2014 – 2015

Fyrstu skref verða tekin í innleiðingu teymiskennslu. Innleiðingaráætlunin verður endurmetin og í vor verður skoðað hvað hefur áunnist og í framhaldinu verða ákvarðanir teknar um næstu skref. Helstu áherslur skólans er að rækta umhyggju og virðingu í samskiptum nemenda og starfsfólks í anda Uppbyggingarstefnunnar. Innleiðing á nýrri Aðalnámskrá sem var samþykkt 2011 heldur áfram. Sérstakir áherslupættir voru *lýðræði og mannréttindi* (haust 2014) og *heilbrigði og velferð* (vor 2015). Einnig var sú lykilhæfni í námsmati sem unnin var síðasta vetur endurskoðuð. Starfsfólk mun starfa í vinnuhópum og þróa þessa þætti sérstaklega í tengslum við skólastarfið.



Eftirtaldir nefndir og vinnuhópar hafa starfað í vetur:

**Innleiðing grunnþátta aðalnámskrár** – Fundar reglulega utan reglulegra fundartíma. Nefndin vinnur að stefnumörkun um innleiðingu grunnþátta. Samkvæmt innleiðingaráætlun ([sjá fylgiskjal](#)) var unnið með grunnþættina *Lýðræði og mannréttindi og heilsa og velferð* í vetur, jafnframt var haldið áfram að vinna að innleiðingu nýs námsmats í anda aðalnámskrár. Námsmatið var unnið í vefkerfinu Námfús.

**Eineltisteymi/Olweus** – Fundar reglulega og vinnur með þau eineltismál sem upp koma ásamt því að gera tillögur að úrbótum. Skipuleggur einnig eineltisfræðslu í skólanum í samráði við skólastjórnendur og umsjónarkennara.

**Fjölmennning/Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti** – Vinnur að stefnumörkun og leiðum til að koma þessum málum í réttan farveg í tengslum við nýja Aðalnámskrá. Velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir. Fer yfir móttökuáætlun skólans og gerir úrbætur.

**Snemmtæk ihlutun (Þróunarverkefnið –Byrgjum brunninn)** - Gerir áætlun um framgang verkefnisins og fylgir því eftir. Vinnur að gerð verkefnabanka og haldur utanum gögn sem verða til.

**Umhverfisnefnd** – áframhaldandi vinna að Grænfánaverkefninu og stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaráætlunar og vinna að forgangsverkefnum. Skólinn flaggaði Grænfánanum í annað sinn 28. maí 2014.

**Stýrihópur um innleiðingu teymiskennslu** –Vinnur að innleiðingu teymiskennslu í skólanum, gerir framkvæmdaáætlun og fylgir henni eftir. Fundar með ráðgjöfum frá HA.

**Heimanámstefna skólans** -Vinnur að endurskoðun á heimanámsstefnu skólans með tilliti til breyttra starfshátta og áhersla í aðalnámskrá. Kannar hug nemenda, foreldra og starfsmanna til heimanáms. Gerir tillögur um úrbætur og leggur fram endurskoðaða stefnu.

**Valgreinanefnd** -Mótar tillögur um hvernig valgreinum við skólan skuli háttað og kemur með tillögur um valgreinar í samvinnu við nemendur. Kynnir valgreinar fyrir nemendum og sér um útgáfu valgreinaseðils og valgreinaheftis fyrir næsta vor í samráði við stjórnendur.

## 3 Innra mat skólans skólaárið 2014 – 2015

### 3.1 Sjálfsmatsáætlun 2014 – 2015

Sjá fylgiskjal 1.

## 4 Nám, kennsla og mat

### 4.1 Greiningargögn

- ✓ Samræmd próf í 4. – 7. og 10. bekk sem eru lögð fyrir ár hvert
- ✓ Bekkjarnámskrár/Kennsluáætlanir
- ✓ Skólapúlsinn
- ✓ Skimun í 1. bekk
- ✓ Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í yngri bekkjum Dalvíkurskóla.

- ✓ Foreldraviðtöl
- ✓ Olweus - eineltiskönnun
- ✓ Almennt námsmat í skólanum
- ✓ Námsnefnd
- ✓ Matsfundir starfsmanna
- ✓ Skólaþing
- ✓ Ytra mat ráðuneytis

#### 4.2 Ytra mat mennta – og menningarmálaráðuneytis

Á haustdögum 2014 var Dalvíkurskóli tekinn út af Námsmatsstofnun og er ytra matið hluti af samstarfsverkefni Samband íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með ytra mati var sérstaklega lögð áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennarar í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólanum hvati til frekari skólaþróunar. Ýtarleg skýrsla kom í kjölfarið og nú hafa stjórnendur í samráði við fræðslusvið unnið úrbótaáætlun sem send var til mennta – og menningarmálaráðuneytis. Engin athugasemd kom frá ráðuneyti varðandi úrbótaáætlun.

Helstu niðurstöður skýrslunnar var að skólinn kom mjög vel út á mörgum sviðum og fékk góða einkun. Það kom skýrt fram í skýrslunni að skólinn þarf að bæta námsárangur nemenda í skólanum. Brugðist var með því að tekin var sameiginlega ákvörðun skólastjóra og Fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar að mynda vinnuhóp í samvinnu við fræðslusvið. Verkefni hópsins er að finna leiðir til að bæta námsárangur nemenda í Dalvíkurskóla og er þetta verkefni til þriggja ára.

#### 4.3 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Niðurstöður samræmdra prófa voru alls ekki góðar og vorum við undir landsmeðaltali í öllum greinum. Skólinn þarf að setja sér háleitari markmið varðandi þessi próf þar sem að þetta er einn hluti af mati og greiningu á námi og kennslu. Í úttekt frá ráðuneytinu þá kom mjög skýrt fram að þurfi að bregðast við og eins og áður hefur komið fram þá er búið að stofna vinnuhóp sem hefur það verkefni að leita leiða til að bæta alhliða námsárangur nemenda í Dalvíkurskóla.

Samkvæmt Skólapúlsinum hefur ánægja af lestri aukist verulega frá upphafi skólaárs. Mælingar á líðan nemenda stendur í stað frá árinu áður en líðan nemenda er góð, þeim líður almennt vel og hafa litlar áhyggjur. Einelti mælist undir landsmeðaltali og fer minkandi þó ekki sé mikill munur milli ára. Á síðasta skólaári stunduðu nemendur Dalvíkurskóla töluvert meiri hreyfingu en aðrir nemendur á landinu. Nú hins vegar víkja nemendur Dalvíkurskóla verulega frá landsmeðaltali. Þeir stunda reglubundna hreyfingu í minna mæli en mælist hjá nemendum á landinu. Drengir í Dalvíkurskóla virðast hreyfa sig minna en stúlkur.

Skólinn hefur markað sér þá stefnu að nota matstækið Leið til læsis sem er útgefið af Námsmatsstofnun til að skima nemendur í 1. bekk og fylgjast með framförum þeirra allt upp

Í 4. bekk en ennþá ná prófin ekki lengra. Nemendur sem flokkast í áhættu eftir skimun fá nánari greiningu á hljóðkerfisvitund með greiningarprófinu Hljóðfærni. Útfrá þeim niðurstöðum er unnið með nemendum til að styrkja undirstöðupætti lestrarnáms. Talna- og aðgerðarskilningur er einnig skimaður í 1. bekk. Nemendur í 1. og 2. bekk með takmarkaðan talna- og aðgerðarskilning eða slaka hljóðkerfisvitund hafa fengið sérstaka þjálfun í vetur og tekið góðum framförum. En það er m.a. markmið þróunarverkefnisins „Byrgjum brunninn“.

Eftir foreldraviðtöl skiluðu kennarar eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum og var almenn ánægja með skólastarfið og mjög fáar athugasemdir komu varðandi skipulag á kennslu. Mæting foreldra í viðtölin var góð en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum eða gegnum síma þegar það hentaði foreldrum betur.

#### Tölfræði frá foreldraviðtalsdegi 18. febrúar 2014

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðireinn	Móðir ein
Samtals	70 = 30%	34 = 15%	128 = 55 %

#### Tölfræði frá foreldraviðtalsdegi 10. október 2014 (Upplýsingar vantar vegna 15 nem. í 1. og 2. bekk)

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðireinn	Móðir ein
Samtals	56 = 26%	37 = 17%	121 = 57 %

Svipað hlutfall foreldra mætir í foreldraviðtöl, þó aðeins fleiri feður einir en í fyrra en í stað þess færri foreldrar saman.

Unnið er eftir námsmatsáætlun Dalvíkurskóla og sífellt er unnið að því að auka fjölbreytni í mati á námsárangri. Með tilkomu nýrrar aðalnámskrár er ljóst að námsmat mun breytast á næstu árum og var tekið skref í þá átt á síðasta skólaári, þegar mat á lykilhæfni var tekið upp í öllum árgöngum. Notast var við vefkerfið Námfús í þeirri vinnu og hefur námsmatið verið þróað frekar á þessu skólaári. Ákveðið var að einfalda matið og meta tvo lykilhæfnipætti í hverjum flokki og lykilhæfni er metin að vori. Eftir því sem innleiðing nýrrar aðalnámskrár grunnskóla heldur áfram munu forsendur til mats samkvæmt námskránni færast til betri vegar og allir lykilhæfnipættir lagðir til grundvallar.

Innanhússþing var að venju haldið í desember og annað er áætlað á starfsdögum í júní, þar segja kennarar frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Greinilega kom fram að í skólanum eru viðhöfð fagleg og fjölbreytt vinnubrögð sem eiga örugglega eftir að skila bættum námárangri nemenda.

Dalvíkurskóli hefur gefið sig út fyrir það að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur það svo sannarlega komið fram á þingunum. Innanhússþingin hafa þróast á undanförunum árum frá því að kennarar sögðu frá afrakstri verkefnavinnu í það að lýsa verkferlum, áherslum og vinnubrögðum nemenda og er það mjög ánægjuleg þróun.

#### 4.3 Leiðir til úrbóta

Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir því vinnuferli sem búið var að ákveða og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda. En samt sem áður þarf skólinn

að auka metnað og bæta viðhorf gagnvart þessum prófum hjá nemendum og foreldrum. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu. Á vordögum var skipuð nefnd sem fara mun yfir hvernig auka má metnað nemenda í námi og bæta námsárangur nemenda.

Líkt og á síðasta skólaári eru niðurstöður Skólapúlsins almennt jákvæðar eftir veturinn. Ánægja af lestri hefur aukist verulega á skólaárinu. Mikill marktækur munur mælist en þess ber að geta að Dalvíkurskóli fór af stað með lestarátak nú á haustdögum. Mikilvægt er að fylgja þeim árangri eftir. Einelti hefur farið minnkandi á milli ára. Niðurstöður Olweusar eineltiskönnunarinnar staðfesta það einnig en skólinn vinnur markvisst eftir Olweusaráætluninni gegn einelti.

Á síðasta skólaári stunduðu nemendur Dalvíkurskóla töluvert meiri hreyfingu en aðrir nemendur á landinu. Nú hins vegar víkja nemendur Dalvíkurskóla verulega frá landsmeðaltali. Ef munur frá skólanum og landsmeðaltali mælist upp á 1,5 stig telst munurinn mjög mikill. Munurinn mælist upp á 5.9 stig á milli ára þar sem nemendur Dalvíkurskóla segjast stunda reglubundna hreyfingu í minna mæli en mælist hjá nemendum á landinu. Drengir í Dalvíkurskóla virðast hreyfa sig í sjaldnar en stúlkur. Huga þarf að þessari þróun á næsta skólaári. Mælingar á mataræði nemendanna mælist á pari við landsmeðaltalið, sem er jákvætt. Líkt og á síðasta skólaári eru sterkir þættir skólans skóla- og bekkjarandi og mælist skólinn um eða yfir landsmeðaltali í öllum matsþáttum. Mikilvægi heimavinnu í náminu hefur aukist hvað mest. E.t.v. má rekja þessa viðhorfsbreytingu til þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi heimavinnu á unglingsstigi. Nú eru vinnustundir á stundatöflu þeirra þar sem nemendur geta unnið að heimavinnu sinni með aðstoð kennara og er mikilvægt að halda þeim tímum á næsta skólaári. Í opnu spurningunum kemur fram mjög mikil ánægja nemenda með kennara sína og samnemendur. Þessi þáttur kemur einnig gríðarlega vel út í foreldrakönnun skólans.

Haldið var áfram með snemmtæka íhlutun í námi og fékk skólinn veglegan styrk til að sinna því verkefni af enn meiri krafti en áður. Einnig er unnið með félagsfærni í yngstu bekkjum skólans. Unnið var sérstaklega með félagsfærni nemenda í 2. bekk og samskiptafærni þeirra efld markvisst og náðist góður árangur. Nemendur fengu m.a. ART þjálfun í 12 vikur. Leikskólinn hefur einnig verið að leggja meiri áherslu á að efla samskiptahæfni nemenda. Leikskólakennarar hafa unnið að ART þjálfun með elstu nemendum sínum.

Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að boðið var upp á sérstaka fræðslufundi fyrir foreldra barna í 1. og 2. bekk þar sem ítarlega var fjallað um Uppbyggingarstefnuna, læsi og stærðfræði fyrir byrjendur. Þokkaleg mæting var á fundina og þeir foreldrar sem sáu sér fært að koma voru ánægðir með fræðsluna og þótti hún vera gagnleg.

Mat á lykilhæfni, fór í fyrsta sinn fram á síðasta skólaári. Unnið hefur verið að því að einfalda og skýra viðmiðin í lykilhæfni á skólaárinu, vinna þarf áætlun um breyttar áherslur í skólastarfinu með hliðsjón af lykilhæfni.



Dalvíkurskóli hefur gefið það út að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og eftir innanhússþingið nú í desember kom það glöggt fram. Skólinn þarf að halda áfram að þróa sig í starfi og vera í fararbroddi í skólastarfi.

## 5 Stjórnun

### 5.1 Greiningargögn

- ✓ Foreldrakönnun
- ✓ Starfsmannakönnun
- ✓ Starfsþróunarsamtöl
- ✓ Matsfundur

### 5.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á foreldraviðtalsdegi í febrúar 2013, var svörun virkilega góð eða 93% foreldra svöruðu. Á síðasta ári var könnunin hinsvegar rafræn þar sem foreldrar fengu senda slóð í tölvupósti. Svörunin var mun minni en undanfarin ár eða rétt rúmlega 50% (svör frá 130). Það er ekki ásættanleg niðurstaða og greinilegt að betri svörun fæst með því að tengja könnunina við foreldradag og var það því gert í ár og var svörunin um **77%** (svör frá 184) sem er umtalsvert betri svörun en í fyrra en lakari en árið 2013.

Af þeim sem svöruðu voru um 97% foreldra ánægð með skólann og upplifa að þeir séu velkomnir þangað en það sama hlutfall og fyrra. Langflestum eða um 96% foreldra finnst starfsfólk taka tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram. Í fyrra töldu 91% foreldra sem svöruðu að þeir upplifi að almennt ríki trúnaður meðal starfsfólks varðandi málefni barna, greinilegt er að úrbætur í þessum málum hafa skilað sér því nú upplifa mun fleiri eða 96% þeirra sem svöruðu að trúnaður ríki. Svipað hlutfall og í fyrra eða tæplega 60% foreldra sem svöruðu sögðust vera ánægð með matinn sem barnið þeirra fær í mötuneytinu, nefnd um mötuneytismálin hefur starfað í vetur og sífellt er unnið að úrbótum. Athygli vakti að í fyrra töldu einungis 88% foreldra sem svöruðu að skólinn veiti nægar upplýsingar um náms- eða þroskastöðu barnsins síns. Þetta hlutfall hefur hækkað í 94% í ár og telja 91% svarenda foreldraviðtöl markviss og árangursrík svo greinilegt er að foreldraviðtöl og framsetning á námsmati er í betri farvegi í ár en í fyrra og unnið verður að því að bæta námsmat og framsetningu þess enn frekar á næstu árum.

Nú telja 78% svarenda sig hafa áhrif á stefnu og starf skólans sem er mun betra hlutfall en í fyrra en þá taldi einungis rúmlega þriðjungur foreldra sem svöruðu könnuninni sig hafa áhrif. Foreldrar eru nær undantekningarlaust ánægðir með umsjónarkennara barnsins síns sem og aðra kennara skólans og er það ákaflega gleðilegt og í raun einstakur árangur að slík ánægja haldist ár eftir ár. Það bendir til mikils trausts og gagnkvæmrar virðingar milli foreldra, nemenda og kennara. Það vekur athygli að í foreldrakönnun virðist nokkur hluti foreldra eða um 10 % telja að börn sín hafi orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári. Nær undantekningarlaust telja foreldrar að þeir hafi látið umsjónarkennara eða starfsmann vita af eineltinu sem er afar jákvæð þróun. Nauðsynlegt er að ítreka að foreldrar tilkynni skólanum strax er grunur leikur á um einelti svo starfsmenn skólans geti strax brugðist við á viðeigandi hátt. Einungis 80% foreldra sem tóku afstöðu telja að starfsfólk skólans bregðist við af festu í eineltismálum. Því má velta fyrir sér hvort foreldrum séu nægjanlega ljósir þeir verkferlar sem starfsfólk skólans vinnur eftir í eineltismálum og eins

hvernig skólinn getur unnið að því að bæta þá verkferla svo foreldri upplifi að brugðist sé við á ásættanlegan hátt ef einelti kemur upp.

Mikill meirihluti foreldra sem svöruðu könnuninni telja innleiðingu teymiskennslu hafa verið rétt skref fyrir skólann eða **83%** þeirra sem svöruðu. Mesta ánægjan er hjá foreldrum elstu nemendanna en rúmlega 91% þeirra telja teymiskennsluna rétt skref á meðan 79% foreldra yngstu nemendanna eru sama sinnis. Þá telja foreldrar æskilegt að blöndun árganga verði með svipuðu sniði og verið hefur í vetur eða um 75% foreldra og eygst ánægjan eftir því sem nemendur eru eldri, tæp 10 % sem tóku afstöðu vilja meiri blöndun árganga en 15 % vilja hinsvegar draga úr blöndun árganga og er meirihluti þeirra foreldrar barna í 1. -4. bekk. Það er því ljóst að meirihluti foreldra er fylgjandi þeim breytingum á starfsháttum sem teknir hafa verið upp og verður fróðlegt að sjá hvernig þessi mál þróast en skólinn er nú á sínu fyrsta starfsári í að þróa teymiskennslu og vonandi á ánægja foreldra eftir að aukast enn frekar eftir því sem nýjir starfshættir styrkja sig í sessi. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra sem tóku afstöðu telja að sínu barni þykji þægilegt að nýta sér spjaldtölvur/tölvur í námi sínu og eru jafnframt ánægðir með þau skref sem skólinn hefur tekið í innleiðingu á notkun þeirra.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2015 í samstarfi við Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og var svarhlutfallið mun betra en í fyrra hjá starfsfólki Dalvíkurskóla. Þeir sem svöruðu voru líkt og í fyrra almennt stoltir af sinni stofnun og töldu að líðan væri góð í vinnunni. Margir töldu þó að álag væri mikið í vetur og stöðugleika skorti í starfsmannamálum. Nær allir telja gott að vinna með samstarfsfólki sínu og telja sig vera duglega að hrósa því eða tæp 95% svarenda hins vegar telja einungis 77% sig fá hrós frá samstarfsfólki sínu. Öllu fleiri eða tæp 89% svarenda telja sig fá hrós frá stjórnendum. Þá kemur fram að starfsfólki finnst gott að leita til stjórnenda og að þeir sýni faglegu frumkvæði áhuga. Af þeim sem svöruðu könnuninni vilja flestir fá fræðslu um hvernig nýta má tölvur og nútímalegan hugbúnað í kennslu og næstflestir vilja fræðslu um hvernig á að fá nemendur til að setja sér markmið í námi. Þá vill töluverður fjöldi fá fræðslu um kennslu getublandaðra hópa, kennslu á spjaldtölvur og kennslu um stærðfræðináms og kennslu. Þá vill mikill meirihluti þeirra sem svöruðu að aukin áhersla verði lögð á upplýsinga- og tæknimennt í skólastarfinu og markvissar aðgerðir í aga- og hegðunarmálum nemenda. Flestir sem tóku afstöðu telja hæfileikaríkt og áhugasamt starfsfólk vera helsta styrkleika skólans.

Í starfsþróunarsamtölum vorið 2015 hefur komið fram, eins og könnun segir til um, að starfsfólki líður almennt vel þrátt fyrir mikið álag í starfi. Einnig kemur fram að starfsandi hafi farið batnandi. Þættir sem starfsmenn bentu á að mætti bæta voru að hópar í verkgreinum væru í sumum tilfellum of fjölmennir. Tæknimál væru of oft í ólagi og skilyrðislaust yrði nettenging að vera góð. Fara mætti betur yfir hefðir og venjur með nýliðum í starfi. Æskilegt að nemendur á yngsta stigi byrji daginn með umsjónarkennara en ekki í aldursblönduðum hópi.

Í könnun starfsfólks þegar var spurt um styrkleika skólans var talað um áhugasamt starfsfólk og jákvæðni haft að leiðarljósi. Starfsfólkið tilbúið að vinna að breytingum og takast á við óvæntar aðstæður í skólastarfi.

Á matsfundi kom fram að talsverður fjöldi starfsfólks upplifir bættan starfsanda á vinnustaðnum nú í vetur. Einnig nefndu margir að stjórnendur hlustuðu á starfsfólkið og brygðust fljótt við athugasemdum þess og er þetta þáttur sem skólastjórnendur hafa tekið sig á með.

Það sem kom neikvætt fram í könnun var að starfsfólki upplifði neikvætt viðhorf fræðsluyfirvalda til skólans og vildu halda því fram að fræðsluyfirvöld væri ekki meðvitað nægjanlega hvað væri að fara fram í skólanum.

### 5.3 Leiðir til úrbóta

Alltaf er einhver óánægja með matinn í mötuneyti skólans en það hefur samt minkað nokkuð. Það er starfandi mötuneytisnefnd í skólanum sem fundar reglulega og fer yfir þessi mál. Nefndin hefur nefnt það að mikilvægt að upplýsingaflæði frá Veisluþjónustunni verði betra þegar eitthvað breytist varðandi matseðil og þær upplýsingar fari líka inn í heimasíðu skólans.

Það þarf að finna leiðir til að draga úr álgi hjá starfsfólki. Við vonumst eftir að skilvirkni teyma í skólanum geti dregið úr þessu álagi en einnig þarf að skoða hvort mönnun í skólanum séu komin undir þolmörk.

Samkvæmt könnun þá má álíta að það þurfi að skilgreina vinnuferil betur fyrir foreldrum þegar þau telja að barnið sitt verði fyrir einelti í skólanum. Upplýsingar voru sendar til allra foreldra nú á vordögum.

Skólasamfélagið þarf að vera samstíga í að fylgja eftir umgengisreglum í skólanum. Rifja þarf upp með nemendum umgengisreglur í upphaf hvernar annar og fá umræðu hjá nemendum um reglur og umgengni. Búið er að prenta og hengja skólareglur á þremur tungumálum upp í skólanum. Hegðunarvandamál hafa verið að aukast í skólanum og þarf að sporna við því og þurfa foreldrar að koma að þeirri vinnu í samvinnu við skólann.

Nauðsynlegt er að allir sem vinna í skólasamfélaginu upplifi að þeir séu í sama liði. Skólinn og fræðsluyfirvöld þurfa að vinna saman að því að auka jákvæðni starfsmanna gagnvart fræðsluyfirvöldum og skoða þarf málið frá báðum hliðum. Fara þarf yfir málið innan skólans og leggja til með hvaða hætti skólinn getur aukið jákvæðni og traust starfsmanna til fræðsluyfirvalda og jafnframt aukið jákvætt upplýsingaflæði. Í fræðslunefnd situr einn kennari sem er talsmaður kennara.

## 6 Starfsfólk og aðbúnaður

### 6.1 Greiningargögn

- ✓ Starfsmannakönnun
- ✓ Starfsþróunarsamtöl
- ✓ Matsfundur
- ✓ Starfsmannafundir

## 6.2 Ígrundun og greining

Í starfsmannakönnun kemur greinilega fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og starfsánægja hefur batnað. Starfsfólk á gott með að vinna með samstarfsfólki sínu og finnst jákvæðni ríkja meðal þess. Flestir eru sáttir í sínu teymi og finnst jákvætt að vinna í slíku fyrirkomulagi. Álag í starfi hefur hinsvegar stóraukist og telja um 40% svarenda sig upplifa aukið álag í starfi í vetur. Benda má á að verið er að innleiða nýja starfshætti í skólanum sem skiljanlega leiða til aukins álags. Þá kemur fram að breytingar í starfsmannahaldi hafa verið óvenju miklar í vetur sem eykur enn á álag samstarfsfélaga. Skoða þarf þessi mál sérstaklega varðandi næsta vetur og finna leiðir til að minnka álag starfsmanna. Teymisvinna kallar á meiri tíma til samstarfs og taka þarf frá tíma innan dagvinnumarka til að sinna því.

Meirihluti starfsfólks telur sig ígrunda sitt starf aðallega í gegnum samræður við aðra. Það kemur fram vaxandi áhugi starfsmanna á tölvu- og upplýsingamennt í skólanum og skýrt að leggja þarf áherslu á enn meiri endurmenntun varðandi upplýsingatækni í skólastarfi. Nú á vordögum hefur þó nokkur hluti kennara hafið nám í upplýsingatækni undir heitinu Samspil sem nú þegar má sjá gæta í skólastarfinu og ætti að nýtast enn frekar á næstu árum.

Starfsfólk telur að upplýsingaflæði hafi batnað verulega í skólanum en þetta er þáttur sem verður alltaf að bæta m.a. komu fram athugasemdir um að ákvarðanir séu of oft teknar án þess að hlutaðeigandi starfsmenn séu upplýstir.

Það komu ekki miklar athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum nema þá helst að kennarar eru ánægðir með að fá skjávarpa í kennslustofur. Það hafa ekki verið gerðar athugasemdir við vinnuaðstöðu nema þá helst loftræstingu á vinnusvæði, sem og vinnuaðstöðu íþróttakennara í íþróttamiðstöðinni. Að öðru leyti er vinnuaðstaða kennara góð í skólanum. Enn er kvartað yfir hávaða í matsal þótt það hafi lagast mikið eftir að settir voru tennisboltar á stólfætur í matsalnum. Mestur er hávaðinn þegar yngstu börnin matast. Hugsanlega mætti draga úr hávaða með því að starfsfólk sæti til borðs með yngstu nemendum og það tækifæri ætti nú að gefast með nýju vinnumati.

Unnið hefur verið áfram að því að bæta viðhorf starfsfólks og nemenda gagnvart nemendum af erlendum uppruna. Sérstakt námskeið fyrir starfsfólk var haldið um haust og þótti skila árangri.

## 6.3 Leiðir til úrbóta

Haldið verður áfram að innleiða teymiskennslu næsta skólaár. Kennarar sem koma að kennslu 1.-2. bekkjar, 3. og 4. bekkjar, 5., 6. bekkjar og 7. og 8. bekkjar og 9. og 10. bekkjar vinna saman í teyimum. Við gerð stundatöflu verður gert ráð fyrir samstarfstíma teyma og aldursblöndun nemenda í vissum hópum.

Búið er að gera úrbætur á loftræstingu á vinnusvæði yngra stigs eftir athugasemdir frá því í fyrra. Skoða þarf áfram hvernig hægt er að dempa hávaða í matsal skólans en brugðið var á

Það ráð að setja tennisbolta undir stólfætur og hafði það veruleg áhrif til hins betra. Eins var gerð tilraun á vordögum með að leyfa allra yngstu nemendum að matast með þeim elstu og hefur það einnig dregið úr hávaðamengun í matslanum.

## 7 Foreldrasamstarf

### 7.1 Greiningargögn

- ✓ Foreldraviðtöl að hausti með barni
- ✓ Haustfundir foreldra
- ✓ Foreldrakönnun lögð fyrir í febrúar 2014 í samráði við fræðsluvið
- ✓ Foreldraviðtöl í febrúar (eyðublöðum komið til stjórnenda eftir viðtölin)

### 7.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Í foreldrakönnun kemur það mjög skýrt fram að nemendum líður vel í skólanum og fá hvatningu til að standa sig vel í námi. Það kemur fram að foreldrar telja að skólinn veiti góðar upplýsingar varðandi stöðu nemenda í námi og mælist sú ánægja mun meiri en á síðasta skólaári.

Stór hluti foreldra telur að skólinn taki tillit til óska og athugasemda sem þeir setja fram við starfsfólk skólans. En það eru ekki mjög margir foreldrar sem eru að heimsækja skólann þótt við höfum hamrað á því að skólinn sé opinn og við viljum fá foreldra meira inn. En þó kemur fram í könnunni að foreldrar telji að þeir taki virkan þátt í starfi skólans.

Varðandi upplýsingaflæði frá skólanum telja **88%** foreldra sem svöruðu það vera gott en það er jákvæð aukning frá því í fyrra en þá töldu **82%** foreldra það vera gott sem var bæting frá árinu 2013 þegar einungis **76 %** svarenda töldu það vera gott. Kennarar þurfa að vera en duglegri að senda heim jákvæðar fréttir en nú töldu um þriðji hluti svarenda að þeir fengju jákvæða pósta eða símtöl um skólagöngu síns barns sem er þó töluverð aukning frá því í fyrra er einungis **25%** foreldra sem svöruðu könnuðust við að fá jákvæða upplýsingar frá kennurum. Aukning hefur orðið á ánægju foreldra með heimasíðu skólans en nú töldu um helmingur svarenda hana vera góða en í fyrra voru einungis **30%** svarenda ánægðir með heimasíðu skólans.

### 7.3 Leiðir til úrbóta

Nauðsynlegt að finna leiðir til að fá foreldra meira inn í skólann. Í vetur voru buðu nokkrir bekkir foreldrum sínum á kynningar á ýmsum verkefnum og borðuðu jafnvel saman og er mæting foreldra mjög góð á slíka viðburði. Greinilega árangursrík leið til að ná meiri tengslum við foreldra. Haustfundir með foreldrum voru ágætlega sóttir en teljum að það sé nauðsynlegt að fá sem flesta og jafnvel að taka upp kvöldfundi eins og áður og láta foreldrafulltrúa hringja út.

Það hefur komið mjög skýrt fram í könnunum unanfarin ár að foreldrar voru ekki ánægðir með heimasíðu skólans þó ánægja hafi aukist og það þarf að bæta. Ákveðið hefur verið að fá

einn aðila innan skólans til að sjá um heimasíðuna. Það hefur færst í vöxt að foreldrar eru að fá upplýsingar um starfið í meira mæli í gegnum Facebook. Skólinn þarf að móta sér stefnu og samræma upplýsingagjöf frá skólanum.



## 8 Raddir nemenda

### 8.1 Greiningargögn

- ✓ Fundir námsnefndar

### 8.2 Ígrundun og greining á niðurstöðum

Námsnefnd fundaði fjórum sinnum á þessu skólaári. Það sem var aðalega tekið var fyrir var nám, kennsla og skipulag á skólastarfi. Á tveimur fundum voru kennarar viðstaddir og tveir fundir voru bara með skólastjóra. Það kom greinilega fram að nemendur voru ánægðir með lotukennslu. Þar sem að eitt viðfangsefni væri tekið fyrir og svo tekið mat á því. Nemendur voru ánægðir með þær breytingar sem voru gerðar á hringekju sem var að dregið úr hringekjutímum og við bættum inn vinnustundum í staðin og eru nemendur virkilega ánægðir með þá breytingu og vilja halda því áfram. Almenn ánægja er hjá nemendum með áhugasviðstímana og voru virkilega ánægð með kennsluna og hrósuðu kennurum mikið. Nokkur umræða fór fram um hvernig nemendur í Námsnefnd gætu skapað aðstæður þar sem að hinn almenni nemandi ætti formlegt aðgengi að nemendum í Námsnefnd. Öll sammála um að það þurfi að koma því í einhvern farveg. Aðeins var rætt um heimanám og voru allir sammála því að það mætti dreyfa því betur, virðist koma mikið á sama tíma.

### 8.3 Leiðir til úrbóta

Það er nauðsynlegt er að námsnefnd sé sett á stofn strax í upphafi næsta skólaárs og að hlúð verði að störfum hennar. Nauðsynlegt að skapa aðstæður fyrir Námsnefnd að ná á

nemendum með formlegum hætti og á að reyna að að skapa þessar aðstæður á bekkjarfundum bekkjanna.

Vinnustundir verða áfram á stundarskrá og jafnvel verður bætt við einni vinnustund í viðbót.

Kennarar í unglingadeild þurfa að samræma heimanám betur þannig að álagið verði ekki of mikið á einu tímabili.

## 9 Áætlun um mat á skólastarfi 2015 – 2016

### 9.1 Sjálfsmatsáætlun

Sjá fylgiskjal 2.

## 10 Samantekt og mat á niðurstöðum

Dalvíkurskóli hefur verið að vinna markvisst í líðan nemenda nú undanfarin ár og hefur skólanum orðið vel ágengt í þeim málum þó alltaf megi gera betur. Við teljum að uppbyggingarstefnan hafa haft mikið að segja. Þá hófst ART þjálfun í þremur árgöngum skólans veturinn 2013 en þar fá nemendur í 2. 6. og 9. bekk þjálfun í félasfærni, siðfræði og sjálfstjórn í 3 tíma á viku í 12 vikur undir leiðsögn ART þjálfara. Samkvæmt niðurstöðum Olweusarkönnunar á þessu skólaári hefur einelti í skólanum minnkað verulega frá síðasta skólaári en þá mældist einelti **6,6%** en nú aðeins **2,2%** sem er eitt minnsta einelti sem mælst hefur í skólanum. Skólapúlsinn styður þessar niðurstöður en þar mælist einelti undir landsmeðaltali. Árið 2007 mældist einelti **12%** þannig að við erum greinilega á réttri leið.

Þó að skólinn hafi komið þokkalega vel út úr könnunum eru alltaf hlutir sem þarf að laga. Skólinn þarf að auka metnað skólasamfélagsins í námi og við eigum alls ekki að sætta okkur við að vera undir meðallagi í samanburði við aðra skóla í landinu. Allir sem koma að skólastarfi þurfa að standa saman og finna leiðir til að bæta metnað í námi og kennslu. Vinnuhópur hefur verið stofnaður og meginhlutverk hans er að vinna að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við starfsfólk. Verkefnið mun standa til þriggja ára.

Í Dalvíkurskóla virðist vera mikil starfsánægja og langflestum starfsmönnum líður vel í vinnunni. Nauðsynleg er að viðhalda því og efla jákvæðan starfsanda innan skólastofnunarinnar á sem víðtækastan hátt. Starfsmenn telja aðbúnað í starfi nokkuð góðan, þó vissulega þurfi að skoða þætti eins og álag í starfi. Vinnuaðstaða kennara er mjög góð. Á undanförunum árum hefur komið fram að kennurum finnst skólinn vera að dragast aftur úr hvað varðar tækni – og hugbúnaðarmál. Átak var gert í þessum málum á síðasta og yfirstandandi skólaári og nauðsynlegt er að halda þeirri vinnu áfram.

Skólasamfélagið þarf allt að taka sig á með að vera samstíga í að fara eftir umgengisreglum í skólanum og taka þá umræðu reglulega inn í bekkjum með nemendum. Við erum á réttri leið og hefur Uppbyggingarstefnan verið að skila sér í betri umgengni og líðan nemenda.

Þó að líðan nemenda sé nokkuð góð þá þarf að taka til skoðunar agamál í skólanum. Síðasta skólaár hefur verið mjög erfitt hvað þetta varðar og hafa mörg mál ratað inn á borð til skólastjóra og meira en hefur verið síðustu ár.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel hjá okkur og eru foreldrar ánægðir með skólann samkvæmt könnun. En auðvitað eru hlutir sem við getum gert betur. Í könnuninni hefur komið fram að foreldrar eru ekki ánægðir með heimasíðu skólans þó ánægja hafi aukist frá síðasta ári og það þarf að laga. Nauðsynlegt er að auka foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra í lið með okkur til að auka metnað í námi.

## 11 Lokaorð

Í Dalvíkurskóla er unnið metnaðafullt starf og nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum að stærstum hluta. Bætt líðan nemenda, trú þeirra á eigin getu og tilfinning fyrir því að þeir geti haft áhrif á skólastarfið eru allt leiðir sem fara má til að ná því markmiði að bæta námsárangur. Kennarar þurfa að vera gagnrýnir á sín störf og vera alltaf tilbúnir að breyta og bæta til að ná betri árangri í skólastarfi. Í Dalvíkurskóla er jákvæður skólabragur sem nauðsynlegt er að hlúa að. Menntun nemenda er samstarfsverkefni þeirra sem hér starfa og er stefnt að því að hvers konar samvinna við foreldra verði vaxandi einkenni á skólastarfinu. Eins og áður hefur verið nefnt þá hefur skólinn verið tekin út af Námsmatsstofnun fyrir Mennta – og menningarráðuneytið. Niðurstaðan var sú að skólinn kom mjög vel út og ber það að þakka bæði starfsfólki skólans og Fræðslusviði Dalvíkurbyggðar sem kemur að mörgum þáttum er varða skólastarf. Við eigum að vera stolt af skólanum okkar en alltaf vera með þá hugsun að reyna að gera betur og bæta árangur. Þar sem er metnaðafullt skólastarf er alltaf vilji til að gera betur.

Gísli Bjarnason

Skólastjóri Dalvíkurskóla